

AUGLÝSING

Ríkisskattstjóra nr. 12/2004 um framlengingu á fresti skattstjóra til að úrskurða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga 2004.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið með vísan til 120. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, að framlengja þann tveggja mánaða frest, sbr. 99. gr. tilvitnaðra laga, sem skattstjórum er settur til að úrskurða þær kærur, er bárust fyrir lok kærufrests þann 30. ágúst sl. vegna þeirrar álagningar á einstaklinga, sem auglýst var lokið í 92. (sbr. 96.) tbl. Lögbirtinga-
blaðs 30. júlí 2004.

Samkvæmt framansögðu framlengist ofangreindur frestur til 8. febrúar 2005.
Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Reykjavík, 28. október 2004.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.